

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 22. desember 2017 máli nr. E-4550/2014:

Matthías H Johannessen

(Reimar Snæfells Pétursson hrl.)

gegn

Aztiq Pharma Partners ehf.

Árna Harðarsyni og

Magnúsi Jaroslav Magnússyni

(Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.)

Mál þetta var höfðað 23. október 2014 af Matthíasi H. Johannessen[...] gegn Aztiq Pharma Partners ehf., [...], Árna Harðarsyni, [...], og Magnúsi Jaroslav Magnússyni, [...]. Málinu var vísað frá dómi 22. ágúst sl. eftir aðalmeðferð þess, en Hæstiréttur ómerkti þann úrskurð með dómi í málinu nr. 555/2017, 11. október sl. Málið var flutt að nýju 8. desember sl. og dómtekið í kjölfarið.

Stefnandi krefst þess með vísan til 1. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, að kveðinn verði upp dómur fyrir því að stefnda félaginu, Aztiq Pharma Partners ehf., skuli slitið. Þá krefst hann málskostnaðar.

Allir stefndu krefjast sýknu. Til vara krefjast stefndu þess að stefndi, Aztiq Pharma Partners ehf., geti, innan frests og fyrir verð sem ákveðið er í dóminum, leyst til sín 10.000 hluti stefnanda í stefnda, Aztiq Pharma Partners ehf. Þá krefjast stefndu málskostnaðar.

I.

Máli þessu var frestað nokkrum sinnum þar sem beðið var matsgerðar og svo yfirmats í máli sem rekið var fyrir dómnum milli að mestu leyti sömu aðila og sem varðaði að miklu leyti sömu málsatvik. Eftir að yfirmatsgerð lá fyrir í því máli sem var nr. E-3519/2014 var í þinghaldi 16. mars 2016 ákveðið að fresta þessu máli ótiltekið þar til niðurstaða væri fengin í mál nr. E-3519/2014. Dómur gekk í því máli 11. nóvember 2016 og í kjölfarið eða 20. desember 2016 var mál þetta tekið fyrir að nýju.

II.

Með framsalssamningi 31. mars 2009 eignaðist stefnandi 10.000 hluti af 500.000 útgefnum hlutum í Aztiq Pharma Partners ehf. eða sem svaraði til 2% eignarhlutar. Samkvæmt sama samningi eignuðust Vilhelm Róbert Wessman 470.000 hluti eða 94% eignarhlut, stefndi Árni 10.000 hluti eða 2%, og stefndi Magnús 10.000 hluti eða 2%. Seljandi hlutafjárins var Lögvit ehf. Við gerð framsalssamningsins tóku stefnandi, Árni og Vilhelm Róbert sæti í stjórn félagsins.

Stefndu lýsa því svo að Vilhelm Róbert hafi ekki eignast hlut í félaginu heldur hafi stefndi Árni yfirtekið þann hlut og eignast 96% í félaginu samkvæmt viðbótarsamkomulagi sbr. umfjöllun síðar. Árni Harðarson greiddi 480.000 krónur fyrir hlutinn 7. september 2009, stefndi Magnús 10.000 krónur fyrir sinn hlut 13. ágúst s.á. og stefnandi fyrir sinn hlut 23. júlí s.á.

Tilgangur Aztiq Pharma Partners ehf. var eignarhald og rekstur lyfjafyrirtækja. Í samræmi við það fjárfesti Aztiq Pharma Partners ehf. í lyfjafyrirtækinu Alvogen.

Hugmyndin á bak við stofnun Aztiq Pharma Partners ehf. var að setja á stofn sjóð sem afla myndi fjárfesta til að standa undir fjárfestingum í lyfjageiranum, til samræmis við tilgang félagsins. Aztiq Pharma Partners ehf. festi í framhaldinu kaup á öllum hlutum í nýstofnuðu félagi, Aztiq Partners AB, og greiddi fyrir það sem nam stofnframlagi félagsins, 100.000 sænskar krónur. Aztiq Partners AB setti síðan upp svokallaðan SICAR–sjóð í Lúxemborg, Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR, og eins og áður segir var stefnt að því að fjármagna sjóðinn með utanaðkomandi fjármagni til fjárfestingar í lyfjageiranum.

Áður en sjóðurinn aflaði fjármagns gafst honum, í september 2009, kostur á að kaupa 30% eignarhlut í Alvogen Aztiq Société Civile, móðurfélagi rekstrarfélaga um lyfjaverksmiðju í Bandaríkjunum.

Stefnandi lýsir skipulagi samstæðu Aztiq Pharma Partners ehf. eftir fjárfestinguna með eftirfarandi hætti sem ekki hefur verið andmælt af stefndu:



Af myndinni megi sjá að Aztiq Pharma Partners ehf. hafi átt sænskt dótturfélag sem heitir Aztiq Partners AB. Síðarnefnda félagið átti svo 96,8% eignarhlut í lúxemborgska félaginu Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR og 100% eignarhlut í lúxemborgska félaginu Aztiq Pharma Management S.A. sem átti afgang hlutafjárins í Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR. Samkvæmt þessu réð Aztiq Pharma Partners ehf. í gegnum Aztiq Partners AB yfir öllu hlutafé Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR.

Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR var síðan eigandi 9,795,919 hluta í lyfjafyrirtækinu Alvogen Aztiq Société Civile („Alvogen“) eða sem svaraði til 29,97% eignarhlutar í því félagi. Stefnandi bendir á að samkvæmt skýrslu stjórnar Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR með ársreikningi félagsins fyrir árið 2010, sem stefndi Árni undirritaði, hafi þessi eignarhlutur í Alvogen í árslok 2010 verið

metinn á 76,5 milljónir bandaríkjadala. Hafi það mat byggst á verðmati fjárfestingarbankans Raiffeisen Investment Bank AG frá því í mars 2010.

Þá átti Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR kauprétt að 10% eignarhlut til viðbótar í Alvogen gegn greiðslu á 9,6 milljónum bandaríkjadala. Ef miðað væri við framangreint verðmat Raiffeisen væri verðmæti þess kaupréttar samkvæmt mati stefnanda í mars 2010 um 15,9 milljónir bandaríkjadala.

Stefnandi bendir á að stefndi Aztiq Pharma Partners ehf. hafi ekki aðeins ráðist í framangreinda fjárfestingu, heldur einnig veitt Alvogen þjónustu sem hafi skilað um 47 milljónum króna í tekjur á árinu 2009 og um 102 milljónum króna í tekjur á árinu 2010.

Stefndu vísa á bug staðhæfingum stefnanda um stórkostleg verðmæti 30% eignarhluta í Alvogen og kaupréttar að 10% eignarhlut í Alvogen, þar sem staðreyndin sé sú að þegar Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR hafi skrifað sig fyrir hlutum í Alvogen Aztiq Societé Civile hafi verið veittur greiðslufrestur í 18 mánuði. Hafi verðmæti félagsins því verið nær því að vera hið sama og innborgað hlutafé fyrir hluti í Aztiq Partners AB, sbr. mat Rýnis endurskoðunar á eignarhluta Aztiq Partners AB. Þá áréttastefndu að eingöngu 500.000 kr. höfðu verið greiddar í hlutafé til félagsins og þar af hafði stefnandi greitt 10.000 kr.

Stefnandi hætti í stjórn Aztiq Pharma Partners ehf. 2. mars 2010 og sæti hans tók Magnús Jaroslav Magnússon. Ástæða þessara breytinga var að sögn stefnanda ósætti milli hans og annarra aðila málsins. Stefndi segir hins vegar ástæðuna þá að stefnandi hafi 1. mars 2010 ráðið sig til starfa hjá Actavis, samkeppnisaðila stefnda. Þau vistaskipti hafi stefnandi undirbúið á laun um nokkurt skeið.

Viðræður áttu sér stað á þessum tíma milli aðila máls um að hlutur stefnanda í Aztiq Pharma Partners ehf. yrði keyptur en þær skiluðu ekki árangri.


Eftir undirritun framsalssamningsins útbjuggu Vilhelm Róbert og Árni sérstakan samning um framsal Vilhelm Róberts til Árna á 470.000 hlutunum í eigu Vilhelms Róberts. Þessi samningur bar titilinn „viðauki við framsalssamning um hlutabréf í Einkahlutafélaginu Dalasúlu ehf.“.

Burtséð frá því hvenær viðaukinn var undirritaður hefur því verið slegið föstu að það hafi gerst eftir gerð framsalssamningsins og því hafi forkaupsréttur hluthafa

orðið virkur sbr. dóm Hæstaréttar í málinu nr. 331/2013. Stefnanda fullyrðir að honum hafi ekki verið kunnugt um gerð viðaukans fyrr en löngu síðar.

Fljótlega eftir að stefnandi hætti í stjórn eða um 1. júlí 2010 gekk þáverandi stjórn Aztiq Pharma Partners ehf., þeir Vilhelm Róbert, Árni og Magnús Jaroslav, til samninga sem fólu í sér afsal á helstu eign félagsins, Aztiq Partners AB, til annars félags, Aztiq Pharma ehf. Þessi viðskipti munu hafa farið fram án vitneskju stefnanda málsins.

Af þeim upplýsingum sem stefnandi hefur síðar fengið um viðskiptin telur hann að draga megi þau upp með þessum hætti:



Þannig seldi Aztiq Pharma Partners ehf. helstu eign sína, eignarhlutinn í Aztiq Partners AB, nánast eignalausum félagi, Aztiq Pharma ehf., fyrir tæpar 5 milljónir króna og að sögn stefnanda gegn ógreiddri og ótryggri vonargreiðslu að hámarki 10 milljónir evra ef kaupandi félagsins hefði sjálfur hagnað af fjárfestingunni og að öðrum frekari skilyrðum uppfylltum (svonefnt „earn out“ á ensku).

Eftir þessar ráðstafanir virðist starfsemi félagsins að öðru leyti nánast leggjast af. Það hafi óverulegar tekjur og sé rekið með rúmlega 15 milljóna króna tapi árið 2011, tæplega níu milljóna króna tapi árið 2012 og með rúmlega 11 milljóna króna tapi árið 2013.

Aðalfundir Aztiq Pharma Partners ehf. fyrir rekstrarárin 2009 og 2010 voru ekki haldnir fyrr en 14. október 2011 og þá kveðst stefnandi fyrst hafa fengið upplýsingar um framangreind viðskipti. Upplýsingar um starfsemi Aztiq Pharma

Partners ehf. á fundunum voru að sögn stefnanda ófullkomnar enda reikningar félagsins ekki endurskoðaðir.

Jafnskjótt og stefnandi fékk vitneskju um að félagar hans, aðrir hluthafar Aztiq Pharma Partners ehf., og sameiginlegt félag þeirra höfðu ráðstafað eignarhlutum og eignum án vitneskju og í trássi við vilja stefnanda, hóf hann aðgerðir.

Stefnandi gat ekki unað því að með gerð umrædds viðauka væri gengið fram hjá forkaupsrétti hans að hlutunum 470.000 sem Vilhelm Róbert afsalaði Árna. Af því tilefni höfðaði hann mál 13. desember 2011 til viðurkenningar á þeim rétti.

Með dómi 28. nóvember 2013, í máli nr. 367/2013, viðurkenndi Hæstiréttur forkaupsrétt stefnanda og annarra hluthafa, að félaginu frágengnu, að hlutunum sem viðaukinn tók til á genginu ein króna á hlut.

Meðan málið var rekið um forkaupsréttinn höfðaði stefnandi mál gegn stjórnarmönnum Aztiq Pharma Partners ehf. til heimtu skaðabóta vegna sölu helstu eignar félagsins, Aztiq Partners AB, til Aztiq Pharma ehf. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 25. október 2012. Dómur gekk í því 11. nóvember 2016 í málinu nr. E-3519/2012. Því máli hefur verið áfrýjað af beggja hálfu til Hæstaréttar Íslands. Í málinu var aflað yfirmatsgerðar um verðmæti Aztiq Pharma Partners ehf. miðað við 1. júlí 2010 eða um það bil er salan fór fram.

Stefnandi höfðaði einnig mál gegn Aztiq Pharma Partners ehf. vegna þess að hann taldi ársreikningum félagsins, sem fram voru lagðir á aðalfundum fyrir árin 2009 og 2010, verulega áfátt. Hann taldi þá ekki samrýmast lögbundnum kröfum m.a. um gerð og endurskoðun samstæðureikninga og áritun löggilts endurskoðanda félagsins.

Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 3. júlí 2014 var Aztiq Pharma Partners ehf. sýknað af öllum kröfum stefnanda í því máli. Því máli var áfrýjað að fengnu áfrýjunarleyfi. Með dómi Hæstaréttar 21. maí 2015 í máli nr. 791/2014 var vísað frá héraðsdómi aðalkröfu áfrýjanda, Matthíasar H. Johannessen, um að ógiltir yrðu aðalfundir stefnda, Aztiq Pharma Partners ehf., sem haldnir voru 14. október 2011 fyrir starfsárin 2009 og 2011, en sýknað af öðrum kröfum stefnanda.

Í kjölfar framangreinds dóms Hæstaréttar frá 28. nóvember 2013 ákvað Aztiq Pharma Partners ehf., með tilkynningu 2. desember 2013, að ganga inn í kaupin

samkvæmt framangreindum viðauka.

Stefnandi hefur metið það svo að með því sé staðan í raun sú að hann eigi nú þriðjung útistandandi hlutafjár Aztiq Pharma Partners ehf. Með „útistandandi hlutafé“ sé átt við hlutafé í eigu annarra en félagsins sjálfs, en hlutir í eigu þess njóti hvorki atkvæðisréttar, sbr. 57. gr. laga nr. 138/1994, né arðsréttar eðli máls samkvæmt. Eftir kaup félagsins voru útistandandi hlutir 30.000 og stefnanda sé eigandi 10.000 þeirra, eða þriðjungs.

Aðrir hluthafar Aztiq Pharma Partners ehf. en stefnandi lögðu fram á aðalfundi Aztiq Pharma Partners ehf. fyrir árið 2012, sem fram fór 14. mars 2014, tillögu um að stjórn félagsins yrði veitt heimild til að selja Vilhelm Róbert, án forkaupsréttar, eigin bréf félagsins að nafnverði 470.000 krónur fyrir eina krónu á hlut.

Stefnandi gat ekki unað þessu og krafðist lögbanns við því að Aztiq Pharma Partners ehf. seldi Vilhelm Róbert, án þess að bjóða öðrum hluthöfum forkaupsrétt, eigin hluti félagsins að nafnverði 470.000 krónur. Sýslumaðurinn í Kópavogi synjaði í fyrstu kröfunni en Héraðsdómur Reykjaness felldi þá ákvörðun úr gildi með úrskurði 12. júní 2014 og lagði fyrir sýslumann að leggja lögbannið á. Sýslumaður gerði það 3. júlí 2014 og stefnandi þingfesti mál því til staðfestingar 3. september 2014.

Í millitíðinni hafði stefnandi höfðað mál á grundvelli 71. gr. laga nr. 138/1994 til ógildingar á samþykkt hluthafafundarins 14. mars 2014. Það mál og staðfestingarmálið hafa nú verið sameinuð.

Aftur lögðu aðrir hluthafar Aztiq Pharma Partners ehf. en stefnandi, fram tillögu um breytingar á hluthafafundi sem haldinn var 24. október 2014 þess efnis að hlutafé Aztiq Pharma Partners ehf. yrði hækkað um 100 milljónir króna á genginu ein króna á hlut. Samhliða ákváðu þeir að leggja til að ákvæði í samþykktum félagsins um forkaupsrétt yrði afnumið í heild sinni. Þessi hlutafjárhækkun var samþykkt og því á stefnandi nú í stað þriðjungs hlutar, sem hann taldi sig eiga fyrir hækkun, einungis um 0,01% hlut.

Stefnandi vildi meina að þar sem félagið hefði litla sem enga starfsemi og engar upplýsingar lögju fyrir um til hvaða þarfa hlutafjárins skyldi aflað, yrði hlutafjárhækkun óforsvaranleg. Stefnandi höfðaði því mál til ógildingar á þessari ákvörðun hluthafafundar og þeirri að afnema forkaupsrétt hluthafa að miklu leyti.

Dómur í því máli er kveðinn upp í dag.

II.

Stefnandi byggir kröfu sína um slit félagsins á 1. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994 en samkvæmt greininni geti hluthafar, sem ráða yfir minnst fimmtungi hlutafjár, krafist dóms fyrir því að félagi skuli slitið „á þeim grundvelli að hluthafar hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félagsins“. Stefnandi telur öll skilyrði þessa ákvæðis uppfyllt.

Stefnandi kveðst við útgáfu stefnu hafa verið eigandi þriðjungs útistandandi hlutafjár Aztiq Pharma Partners ehf. Skilyrðið um fimmtung hlutafjár sé því uppfyllt.

Þá hafi aðrir hluthafar, þ.e. stefndu Árni og Magnús Jaroslav, misnotað aðstöðu sína í félaginu á kostnað stefnanda. Þeir hafi sem stjórnarmenn félagsins selt helstu eign þess til félags í eigu Árna í andstöðu við 51. gr., 70. gr. og 70. gr. a laga nr. 138/1994.

Sömu hluthafar, hafi brotið gegn og tekið þátt í brotum gegn 7. gr. samþykktu félagsins með því að hlutast ekki til um að bjóða forkaupsrétt samkvæmt samþykktunum vegna „viðaukans“, svonefnda.

Þeir hafi og brotið gegn og tekið þátt í brotum gegn 19. gr. samþykktu félagsins og 59. gr. laga nr. 138/1994 með því að endurskoðandi félagsins hafi átölulaust látið hjá líða að rannsaka reikninga félagsins, með því að hafa sem stjórnarmenn ekki lagt fyrir aðalfund skýrslu endurskoðanda, og með því að hafa sem stjórnarmenn ekki lagt fyrir aðalfund samstæðureikninga fyrir árin 2009 og 2010.

Þeir hafi jafnframt brotið gegn og tekið þátt í brotum gegn 70. gr. laga nr. 138/1994 með því að hafa á aðalfundi 14. mars 2014 samþykkt breytingar á 7. gr. samþykktu félagsins til að sniðganga réttindi stefnanda. Aztiq Pharma Partners ehf. hafi verið skylt við þær aðstæður sem þá voru uppi ýmist að lækka hlutafé félagsins í þágu allra hluthafa samkvæmt ströngum reglum VIII. kafla laga nr. 138/1994 eða bjóða öðrum hluthöfum forgangsrétt við sölu hlutanna.

Þeir sömu hafi brotið gegn og tekið þátt í brotum gegn 70. gr. laga nr. 138/1994 með því að hafa samþykkt á aðalfundi 24. október 2014 hækkun hlutafjár um 100 milljónir króna. Óforsvaranlegt hafi verið fyrir stefnanda að taka þátt í hækkuninni,

starfsemi félagsins sé lítil sem engin og tilgangur ráðstöfunarinnar sé sýnilega að afla þeim hluthöfum, sem hafa staðið þétt saman gegn hagsmunum stefnanda, hagsmuni á hans kostnað.

Að endingu tiltekur stefandi að sömu hluthafar hafi brotið gegn og tekið þátt í brotum gegn 59. gr. laga nr. 138/1994 og 11. gr. samþykktu félagsins með því að boða ekki sem stjórnarmenn aðalfundi þess fyrir 2011 fyrr en eftir lok næsta ágústmánaðar 2012.

Öll þau brot gegn lögum nr. 138/1994 og samþykktum félagsins og öll þátttaka í þeim, sem að framan sé lýst, séu framkvæmd af ásetningi. Þá feli hvert tilvik í sér misnotkun aðstöðu hluthafanna af ásetningi óháð því hvort um brot gegn lögum nr. 138/1994 eða samþykktum félagsins teljist vera að ræða.

Hvert og eitt þessara tilvika sé nægjanlegt til að fallist verði á dómkröfur stefnanda. Enginn greinarmunur verði gerður á athöfnum eða athöfnum hluthafanna eftir því hvort þeir komi fram sem hluthafar eða stjórnarmenn, enda hafi hluthafarnir í krafti atkvæðavægis ráðið öllu um skipan stjórnar félagsins.

Stefnandi telur nauðsynlegt að stefna öllum hluthöfum Aztiq Pharma Partners ehf. til að þola dóm í málinu með hliðsjón af afleiðingum dómsins fyrir eignarhluti þeirra í félaginu. Varnarþing sé í Reykjavík, sbr. 32. og 42. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

-

Um lagarök vísar stefnandi einkum til laga nr. 138/1994. Um kröfu sína um málskostnað vísar stefnandi til XXI. kafla laga nr. 91/1991, einkum 1. mgr. 130. gr.

III.

Stefndu telja verulega formgalla á málatilbúnaði stefnanda og að engir lögvarðir hagsmunir stefnanda séu fyrir hendi.

Stefnandi sé ekki lengur hluthafi í Aztiq Pharma Partners ehf. sem krafist er slita á, þar sem með tilkynningu 30. nóvember 2014 hafi hlutir hans verið innleystir á grundvelli 16. og 17. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög. Í kjölfarið hafi stefnandi farið fram á að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta innlausnarverð á hlut hans. Skorað hafi verið á stefnanda að falla frá beiðni um dómkvaðningu en hann hafi hafnað því. Því sé í gangi matsferli samkvæmt 17. gr. Stefnandi sé því ekki lengur eigandi hluta heldur standi einungis eftir ágreiningur um verðmæti

hlutanna sem verði leyst úr þegar niðurstaða liggur fyrir hjá dómkvöddum matsmönnum.

Einungis hluthafi geti átt aðild að máli til slita á hlutafélagi. Aðildarhæfi stefnandi hafi fallið niður undir rekstri málsins. Þá hafi úrlausn á málsástæðum stefnanda engin áhrif á stöðu hans þar sem hann verði ekki aftur hluthafi þótt fallist yrði á þær. Því sé slík úrlausn andstæð 1. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 og hún hefði ekki raunhæft gildi fyrir réttarstöðu stefnanda.

Stefnandi hafi ekki krafist ógildingar á innlausninni og hafi farið fram á mat á innlausnarverði. Hann hafi því viðurkennt innlausnina og samþykkt í verki. Hann geti ekki krafist þess í dómsmáli að grundvöllur ákvörðunar verði talinn ólögmatgur þegar sjálf ákvörðunin hafi ekki verið borin undir dómstól.

Stefndu Árni og Aztiq Pharma Partners ehf. krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda þar sem skortir það grundvallarskilyrði fyrir kröfugerð stefnanda að hann sé eigandi 1/5 hlutafjár í Aztiq Pharma Partners ehf. stefndi Árni sé eigandi 99,98% hlutafjár í félaginu frá 7. nóvember 2014 og alls útistandandi hlutafjár frá 5. janúar 2015. Eðli máls samkvæmt verði skilyrðinu um 1/5 hlutafjár að vera fullnægt við uppkvaðningu dóms en ekki þegar mál er höfðað. Verði því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda þar sem hann eigi ekki aðild að málinu, sbr. 16. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Þar sem stefndi Magnús er ekki lengur hluthafi í félaginu eftir að hann samþykkti innlausnartilboð þann 10. desember 2014 hafi hann ekki hagsmuni af úrlausn málsins og eru engar kröfur gerðar af hans hálfu í málinu.

-

Þá byggja stefndu jafnframt á því að önnur skilyrði 1. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994 skorti til þess að fallast beri á kröfu stefnanda.

Í skýringum með ákvæði 81. gr. komi fram að ákvæðinu sé einkum ætlað að vera beitt þegar engin virk réttarúrræði standi eiganda minnihluta hlutafjár til boða samkvæmt lögum. Ljóst sé að stefnandi hafi haft ýmis úrræði til þess að gæta réttar síns en hann hefur áður höfðað mál til ógildingar á ákvörðunum aðalfunda félagsins, til lagningar lögbanns á ákvarðanir aðalfunda félagsins og til heimtu skaðabóta vegna ráðstafana stjórnar félagsins á eign þess. Hafi stefndu aldrei staðið í vegi fyrir því eða aftrað því að stefnandi beiti réttindum sínum sem hluthafi í Aztiq Pharma Partners ehf. Séu því engin efni til þess að fallast á kröfu stefnanda

og beita svo íþyngjandi úrræði sem félagsslitum í andstöðu við vilja meirihluta eiganda stefnda, Aztiq Pharma Partners ehf., þegar einnig er litið til þess að stefnandi sé ekki lengur hluthafi.

-

Stefnandi mótmælir því að með sölu á hlutum Aztiq Pharma Partners ehf., í sænska dótturfélagi þess, Aztiq Partners AB, um mitt ár 2010, hafi falist ráðstöfun sem var til þess fallin að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins. Hlutirnir hafi verið framseldir á sama verði og sem nam undirliggjandi verðmæti, þ.e. kaupverði hluta í Alvogen, að teknu tilliti til skuldbindinga vegna þeirra, auk vonargreiðslu, kæmi til þess að hlutir í Alvogen yrðu seldir á hærra verði en sem nam kaupverði. Sé á því byggt af hálfu stefndu að eignin hafi ekki verið seld á undirverði í andstöðu við 51. gr. og 70. gr. ehfl.

Stjórn Aztiq Pharma Partners ehf., sem var skipuð hluthöfum sem hafi farið með 98% af hlutafé Aztiq, hafi einnig verið einróma um að framsal hluta í Aztiq Partners AB væri nauðsynlegt til að tryggja fjármögnun kaupa á hlutum í Alvogen, vegna áskilnaðar fjármögnunaraðila um tiltekna eigendaskipan samstæðunnar. Stefnandi, sem hafði hafið störf hjá samkeppnisaðila Alvogen og neitað að undirrita trúnaðaryfirlýsingu, hafi átt 2% hlut í félaginu og hafi ekki verið í stjórn þess. Hafi því ekki verið tilefni til að leita eftir samþykki stefnanda fyrir framsalinu og synjun minnihluta hluthafa í atkvæðagreiðslu þar um hefði ekki haft nein áhrif á þá ákvörðun.

Þá hafi samningur um framsal hluta í Aztiq Partners AB einnig verið gerður í tengslum við venjulegan rekstur Aztiq Pharma Partners ehf., sem eignarhaldsfélags um fjárfestingar í lyfjageiranum, og hafi haft að geyma eðlilegt verð og aðra skilmála, sbr. 4. tölulið 70. gr. a laga um einkahlutafélög. Sé á því byggt af hálfu stefndu að ekki hafi verið þörf á að leita eftir samþykki hluthafafundar fyrir ráðstöfuninni með vísan til 70. gr. a og þá ekki síst í ljósi þess að synjun stefnanda hefði ekki haft nokkur áhrif á þá ákvörðun sem tekin var.

Við gerð viðauka við framsalssamning um kaup málsaðila á hlutum í Aztiq Pharma Partners ehf. kveðast stefndu hafa verið í góðri trú um að viðaukinn væri eingöngu til leiðréttingar á þeim eignarhlutföllum sem ranglega höfðu verið tilgreind í framsalssamningnum og fæli ekki í sér eigendaskipti að hlutum sem virkjuðu forkaupsrétt samkvæmt 7. gr. samþykktta félagsins.

Þegar niðurstaða dóma Hæstaréttar í málum nr. 331/2013 og 367/2013 lá fyrir hafi stefndi Árni þá þegar hlutast til um að bjóða félaginu forkaupsrétt samkvæmt

umræddu ákvæði samþykktá félagsins og til samræmis við niðurstöðu tilgreindra dóma. Verði litið á það sem brot á samþykktum félagsins að hafa ekki boðið forkaupsrétt við gerð viðaukans skorti í það minnsta ásetningsskilyrðið en stefnda óraði ekki fyrir að framsal hefði átt sér stað með gerð viðaukans. Sé því mótmælt að framangreint geti orðið grundvöllur fyrir kröfu stefnanda um slit á félaginu.

-
Á aðalfundum félagsins 2009 og 2010 hafi verið lagðir fram ársreikningar til samþykktar fundarins. Skoðunarmaður félagsins, Lúðvík Þránínsson endurskoðandi, hafi yfirfarið reikningana og kannað bókhaldsgögn félagsins og aðra þætti er vörðuðu rekstur þess og stöðu í samræmi við lög nr. 3/2006, um ársreikninga, og 19. gr. samþykktá félagsins. Á aðalfundunum hafi einnig verið lagðar fram skýrslur skoðunarmanns með yfirförnum og undirrituðum ársreikningi félagsins í samræmi við 59. gr. laga um einkahlutafélög.

Félaginu hafi ekki verið skylt að kjósa endurskoðanda samkvæmt 98. gr. laga nr. 3/2006 og ekki hvílt á skoðunarmanni félagsins skylda til að endurskoða og árita reikninga, heldur hafi hlutverk hans samkvæmt lögum falist í því að yfirfara og undirrita reikninga félagsins, sbr. 2. mgr. 102. gr. og 3. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006. Framangreint hafi verið staðfest af fjölskipuðum dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 3. júlí 2014 í máli nr. E-11/2012 sem og að ekki hafi verið áskilið að lagður yrði fyrir aðalfund samstæðureikningur samkvæmt 70. gr. laganna. Sé málsástæða stefnanda hvað þetta varðar því með öllu haldlaus.

Á löglega boðuðum aðalfundi Aztiq Pharma Partners ehf. 14. mars 2014, sem fulltrúar allra hluthafa sóttu, hafi verið samþykkt með 2/3 hluta atkvæða að fella brott forkaupsrétt að eigin hlutum félagsins í samræmi við 63. og 68. gr. laga um einkahlutafélög og samþykktir félagsins. Gilti sú ákvörðun jafnt um alla hluthafa í félaginu og tók til viðskipta með hluti í félaginu til framtíðar.

Þá hafi verið samþykkt á löglega boðuðum aðalfundi Aztiq Pharma Partners ehf. 24. október 2014 með 2/3 hluta atkvæða að fella forkaupsrétt að hlutum í félaginu alfarið brott. Stefndu byggja á því að aukinn meirihluti hluthafa hafi að lögum vald til þess að afnema forkaupsrétt hluthafa við eigendaskipti að hlutum, hvort sem er að hluta eða að öllu leyti. Sé ekkert í lögum nr. 138/1994, um einkahlutafélög, sem komi í veg fyrir að unnt sé að breyta ákvæðum um forkaupsrétt í samþykktum og fella þannig niður forkaupsrétt að hluta eða öllu leyti, eða forgangsrétt ef því er að skipta, enda sé það gert með áskildum meirihluta hluthafa og innbyrðis réttarsambandi hluthafa ekki raskað.

Því er mótmælt af hálfu stefndu að 38. gr. laga um einkahlutafélög hafi áhrif á lögmæti ákvarðana aðalfunda félagsins enda hafi hlutafé í félaginu nú verið hækkað og eigin hlutir vel innan lögbundinna marka og því hvíli engin lagaskylda á félaginu að selja hlutina eða lækka hlutafé með vísan til tilgreinds ákvæðis.

Á löglega boðuðum aðalfundi Aztiq Pharma Partners ehf. 24. október 2014 hafi verið samþykkt með 2/3 hluta atkvæða að hækka hlutafé félagsins um 100.000.000 króna að nafnverði á genginu ein króna á hlut til samræmis við 23-25. gr., 63. og 68. gr. laga nr. 138/2014. Samkvæmt greindri ákvörðun hafi allir hluthafar félagsins átt rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjäreign sína. Skráðu hluthafar sig ekki fyrir nýútgefnum hlutum skyldi öðrum hluthöfum veittur hlutfallslegur réttur til að skrá sig fyrir þeim hlutum. Hlutafjárhækkunin hafi m.a. verið ákveðin í þeim tilgangi að efna skuldbindingar Aztiq Pharma Partners ehf. en félagið hafi ekki átt reiðufé til að greiða skammtímaskuldir og stefndi því í greiðsluþrot yrði ekkert að gert. Í framhaldi af hækkuninni hafi stjórn félagsins síðan áform um að taka ákvörðun um frekari rekstur og fjárfestingar til samræmis við tilgang félagsins, en starfsemin hafi að mestu legið niðri á síðustu árum fyrir málshöfðun þessa vegna ágreinings við stefnanda og síendurtekinna málshöfðana af hans hálfu.

Stefnanda hafi gefist kostur á að taka þátt í hlutafjárhækkuninni rétt eins og öðrum hluthöfum, með nákvæmlega sömu skilmálum, en kaus að gera það ekki. Í ákvörðuninni hafi því hvorki falist röskun á innbyrðis réttarsambandi hluthafa né hafi hluthöfum með nokkrum hætti verið mismunað. Sé því alfarið mótmælt að ákvörðunin hafi verið til þess fallin að afla þeim hluthöfum sem tóku þátt í hlutafjárhækkuninni ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað stefnanda.

-
Stefndu telja að boðun til aðalfunda félagsins hafi dregist fyrst og fremst vegna þess að félagið hafi verið óstarfhæft frá árinu 2010 vegna ágreinings hluthafa og málaferla. Enginn ásetningur hafi verið til staðar af hálfu stefndu að misnota aðstöðu sína í félaginu eða brjóta gegn lögum og samþykktum, heldur hafi tafir á fundarboðun orsakast af afsakanlegum ástæðum. Séu því ekki uppfyllt skilyrði 1. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994 til þess að slíta félaginu á þessum grundvelli.

Stefndu gera þá varakröfu ef ekki verður sýknað í málinu að dómurinn ákveði að í stað félagsslita geti stefndi, Aztiq Pharma Partners ehf., innan frests og fyrir verð sem ákveðið er af dómnum, leyst til sín 10.000 hluti stefnanda í Aztiq Pharma

Partners ehf., sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994. Séu engin efni til að verða við kröfu stefnanda um jafníþyngjandi aðgerð og félagsslit stefnda Aztiq Pharma Partners ehf. hefði í för með sér.

Samrýmist það einnig ákvæði 18. gr. a að beitt sé vægara úrræði, þ.e. innlausn 10.000 hluta stefnanda í Aztiq Pharma Partners ehf., sem og sú staðreynd að hlutur stefnanda í félaginu hafi þegar verið innleystur.

Þá séu hagsmunir stefnanda að fullu tryggðir með innlausn hluta hans, jafnvel þótt talið verði að skilyrði 1. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994 séu uppfyllt, og án þess að koma þurfi til jafn viðurhlutamikillar aðgerðar og slit félagsins hafi óhjákvæmilega í för með sér. Sé heldur ekki með nokkru móti hægt að fallast á að réttmætur ágreiningur hluthafa geti leitt til þess að lagaskilyrði séu til að heimila jafn harkalegt inngríp og slit félags.

Stefndi byggir aðallega á þeim ákvæðum laga sem vísað er til í greinargerð hans, laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, einkum 16.-18. gr., 23.-25. gr., 63. gr., 68. gr., 71. gr. og 2. mgr. 81. gr. laganna. Vísar stefndi jafnframt til laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, einkum 16. grein laganna um sýknu vegna aðildarskorts. Stefndi byggir málskostnaðarkröfu sína á XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði styðst við ákvæði laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt af málskostnaði.

IV.

Þann 24. október 2014, eða degi eftir höfðun þessa máls, var haldinn aðalfundur í Aztiq Pharma Partners ehf. Þar var samþykkt að auka hlutafé félagsins um 100.000.000 króna. Stefnandi tók ekki þátt í þeirri aukningu enda hafði hann lýst því að hann teldi engar forsendur vera fyrir aukningunni og í hana hafi verið ráðist eingöngu til að skerða hans hagsmuni enn frekar, öðrum hluthöfum til hagsbóta. Höfðaði hann enda annað dómsmál til að freista þess að fá þessari ákvörðun hnekkt.

Fljótlega í kjölfar aðalfundarins, eða 30. nóvember 2014, sendi Árni Harðarson, hluthafi í félaginu, bréf til annarra hluthafa, þ.e. stefnanda, sem tók við bréfinu 1. desember sama ár, og Magnúsar Jaroslav Magnússonar þar sem hann tilkynnti í kjölfar hækkunarinnar að hann væri nú eigandi 99,98% hlutar í félaginu og að hann hefði ákveðið samkvæmt 16. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, að aðrir hluthafar skyldu sæta innlausn á hlutum sínum. Stefnandi átti á þessum tíma,

samkvæmt sýn Árna, einungis 0,01% hlut í félaginu.

Stefnandi mótmælti innlausn með bréfi 18. desember 2014 og kvað, m.a. með vísan til framangreinds máls sem hann hafði þá höfðað um ógildingu hlutafjórðunnarinnar, að aðgerðin væri með öllu löglaus. Í bréfinu óskaði stefnandi þó eftir því að félagið myndi beiðast dómkvaðningar matsmanna til að meta virði félagsins. Stefnandi tók þó fram að í því fælist engin viðurkenning á aðgerðinni. Matsbeiðni var þó ekki móttækin í héraðsdómi fyrr en 9. janúar 2017. Matsmenn voru, án andmæla aðila, dómkvaddir af Héraðsdómi Reykjaness 25. janúar 2017.

Árni Harðarson sendi 6. janúar 2015 tilkynningu um greiðslu inn á greiðslureikning með vísan til 17. gr. laga um einkahlutafélög enda hafði þá stefnandi ekki framselt hluti sína.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, gildir sú regla að sé hlutur ekki framseldur samkvæmt ákvæðum 16. gr. laganna skal greiða andvirði hans á geymslureikning á nafni réttshafa. Frá þeim tíma teljist hluthafinn réttur eigandi hlutar og hlutir fyrri eiganda ógildir. Tilkynning í þessa veru var í bréfi Árna frá 6. janúar 2015. Jafnframt var tekið fram að hlutaskrá Aztiq Pharma Partners ehf. hefði verið breytt til samræmis við framangreint.

Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu í málinu nr. E-4549/2014 að stefnandi ætti ekki lengur vegna framangreinds lögvarða hagsmuni af því að leyst yrði úr kröfum hans þar sem hann væri ekki lengur hluthafi í félaginu. Stefnandi yrði að leita annarra leiða til að sækja þann rétt sem hann telur sig eiga vegna framangreindra ákvarðana. Hæstiréttur ómerkti úrskurðinn með dómi í málinu nr. 554/2017 á þeim grundvelli að stefnandi hefði verið hluthafi í Aztiq Pharma Partners ehf. þegar þær ráðstafanir voru gerðar sem stefnandi telur að leiða eigi til þess að félaginu verði slitið.

Í dómi þessa dómstóls á milli stefnanda og annarra sem átt hafa hlut í stefnda í málinu nr. E-3519/2012, sem áfrýjað var til Hæstaréttar, var í forsendum niðurstöðu því slegið föstu að stefnandi ætti ekki þriðjungshlut í stefnda heldur félagið sjálft. Þetta byggði á því að í dómi Hæstaréttar 28. nóvember 2013 í málinu nr. 367/2013, milli stefnanda og Árna Harðarsonar, Vilhelms Róberts Wessman, Magnúsar Jaroslav Magnússonar og Aztiq Pharma Partners ehf. var komist að þeirri niðurstöðu að með þeim viðauka við framsalssamning sem stefndu Árni Harðarson

og Vilhelm Róbert Wessman gerðu, þar sem Róbert gekk út úr ofangreindu félagi sem eigandi 94% hlutar, og Árni eignaðist alls 96% hlut í félaginu, hafi forkaupsréttur orðið virkur. Því var þannig slegið föstu að sá gerningur hefði verið gerður eftir upphafleg kaup aðila á félaginu, sem áður hét Dalasúla ehf. Við þessa breytingu hafi hluthafar því, í samræmi við 2. mgr. 7. gr. samþykka fyrir Aztiq Pharma Partners ehf., öðlast forkaupsrétt að þeim bréfum sem þarna skiptu um hendur, þ.e. þeim 94% hlut sem Vilhelm hafði skrifað sig fyrir, þó að frágengnu félaginu sjálfu.

Strax eftir að dómur Hæstaréttar féll 28. nóvember 2013 lýsti stefndi Árni Harðarson því yfir sem formaður stjórnar, f.h. Aztiq Pharma Partners ehf., að félagið hygðist nýta sér forkaupsrétt vegna þessara viðskipta. Var bréf þessa efnis sent 2. desember 2013, til Róberts Wessman, og afrit til stefnanda og stefnda Magnúsar Jaroslav Magnússonar. Stefnandi byggði á því að við þessa yfirlýsingu væri í raun sú staða uppi að hann hefði eignast þriðjungshlut í félaginu og stefndu Magnús og Árni þriðjung hvor. Yrði það skýrt þannig að fyrir framangreind viðskipti áttu þessir aðilar allir 2% hlut og við útgöngu stefnda Róberts og kaup félagsins á hluta hans hafi þeir því allir í raun orðið jafnstórir eigendur alls hlutfjár í félaginu, enda fylgi eigin hlutum hvorki atkvæðisréttur né réttur til arðs.

Það lá hins vegar ekkert fyrir í málinu sem leiddi að mati dómsins til þess að stefnandi yrði talinn eiga, samanber framangreint, þriðjung hlutfjár í félaginu. Félagið virtist þannig ekki hafa losað um hlutina þrátt fyrir lagaskyldu og voru þeir því að forminu til enn í eigu þess sjálfs að því er best varð séð. Því var lagt til grundvallar að félagið sjálft hafi enn verið eigandi 94% hlutar. Þessi staða var samkvæmt framangreindum rökum enn sú sama á aðalfundi félagsins 24. október 2014.

Samkvæmt 1. mgr. 81. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 er það forsenda þess að gerð verði krafa um slit á félagi, að hluthafi sem það gerir eigi minnst fimmtung hlutfjár. Fari hluthafi fram með slíka kröfu og fyrir liggur að hann nær ekki þessu hlutfalli telur dómurinn að vísa beri máli frá dómi. Því verður ekki dregin önnur ályktun af dómi Hæstaréttar í málinu nr. 554/2017 en að gengið sé út frá því að stefnandi uppfylli þetta skilyrði laganna þótt notast hafi verið efnislega við það orðalag að sóknaraðili, þ.e. stefnandi þessa máls, teldi sig hafa átt þriðjung hlutfjár. Því telur dómurinn ekki undan því vikist að fjalla efnislega um kröfu stefnanda.

Koma því til skoðunar þær ákvarðanir sem stefnandi byggir á að eigi að leiða til þess að félaginu verði slitið. Þar kemur fyrst til skoðunar sú ákvörðun stefndu sem einkum var umfjöllunarefni í málinu nr. E-3519/2012 sem að framan er lýst, um að selja hlutabréf í Aztiq Partners AB, hafi verið tekin gegn betri vitund, þ.e. að stjórn félagsins hafi vitað að endurgjald fyrir bréfin hafi verið allt of lítið, ef sú var raunin. Rétt er að víkja nokkuð að niðurstöðu þess máls.

Dómurinn í því máli, sem skipaður var sérfróðum meðdómurum, taldi framlagða yfirmatsgerð í því máli um þau verðmæti sem skiptu um hendur vel grundaða, og að ekki væru á henni neindir þeir annmarkar sem myndu draga úr gildi hennar og var hún því lögð til grundvallar í málinu, enda hafði henni ekki verið hnekk.

Þannig var lagt til grundvallar að mat á virði Alvogen, sem framkvæmt var af Raiffeisen Investment Bank, eða ársreikningur Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR, um stöðu félagsins í árslok 2010, hafi ekki megnað að draga úr gildi yfirmatsgerðar, en samkvæmt reikningi sem undirritaður var af stefnda Árna Harðarsyni var eignarhlutur sjóðsins í Alvogen þá metinn á 76,5 milljónir bandaríkjadala. Hið sama var talið gilda um framburði fyrir dómi og önnur skjöl sem lögð hafa voru fram í málinu um þennan þátt málsins, þ.m.t. ársreikningar.

Samkvæmt fyrrgreindri yfirmatsgerð var verðmæti alls hlutafjár í Aztiq Pharma Partners ehf. 1. júlí 2010, eftir að dregnar eru frá skuldir vegna kaupanna, 15.1 milljón bandaríkjadala eða gróflega jafnvirði um 1.680 milljóna króna. Samkvæmt bæði undirmati og yfirmati var virði þeirrar greiðslu sem inna átti af hendi fyrir hlutinn, en virtist reyndar við þá málsmeðferð enn ekki hafa skilað sér til félagsins, um 1.5 milljónir króna eða jafnvel lægra. Matsmenn treystu sér eðli máls samkvæmt ekki til að meta hugsanlegar viðbótargreiðslur við sölu hlutarins, eða eins og sagði í yfirmati: „Vegna óvissu um tímasetningu á mögulegri sölu Aztiq Pharma SICAR á eignarhlut í Alvogen Aztiq SC, verðmæti þeirrar sölu, tímamarki afnáms gjaldeyrishafta innan þeirra marka sem sett eru í kaupsamningi telja yfirmatsmenn sér ekki fært að leggja mat á verðmæti mögulegra aukagreiðslna.“

Í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir í málinu taldi dómurinn því sýnt að helsta eign Aztiq Pharma Partners ehf., þ.e. Aztiq Partners AB, hafi verið seld á undirverði. Þá var einnig gengið út frá því að stjórn félagsins hafi mátt vera þetta fullljóst. Í því sambandi var vísað til þess að þegar ákvörðunin var tekin lá fyrir mat Raiffeisen Investment Bank frá febrúar 2010 sem mat virði heildarhlutafjár í Alvogen (e. Equity value) þá á 255 milljónir bandaríkjadala. Við þessa fjárhæð hafi

svo stefndi Árni miðað í ársreikningi Aztiq Pharma Partners S.C.A. SICAR fyrir 2010, en stjórnarformaður þess félags var stefndi Róbert og honum var því mætavel kunnugt um þessa stöðu. Árni hafi og látið getið í skýrslu stjórnenda með reikningnum að utanaðkomandi aðili hefði sýnt áhuga á að kaupa 10% hlut í Alvogen og nefnt hafi verið, að viðkomandi væri reiðubúinn að greiða 25 milljónir dala fyrir slíkan hlut, sem er þá næstum sama mat og hjá Raiffeisen. Þá yrði að ganga út frá því að stefndu hafi verið kunnugt um kynningu stjórnenda Alvogen frá því í febrúar 2010, þar sem kynnt var áætlun um rekstur og framlegð til framtíðar, en yfirmatsmenn notuðu þessa kynningu sem hluta af grundvelli fyrir niðurstöðum sínum. Dómurinn taldi að ekki yrði gerður ágreiningur um að stefndu hafi mikla reynslu á þessu sviði og hafi því 1. júlí 2010, án nokkurs vafa, átt að gera sér grein fyrir verðmæti hlutarins.

Ekki voru talin skipta máli þau sjónarmið að ef stjórn Aztiq Pharma Partners ehf. hefði ekki farið þá leið sem farin var, hefði fjárfestingarmöguleikinn líkast til tapast, þar sem fjármögnun hefði líklega ekki tekist. Þessi málsástæða var í raun engum gögnum studd og staðreyndin talin enda sú, eðli máls samkvæmt, að hún yrði aldrei sönnuð. Það hafi hins vegar ekki breytt því að þessi leið var farin án þess að skeyta neinu um hagsmuni stefnanda sem átti sannanlega 2% hlut í félaginu og jafnvel þriðjung hlutafjár. Hið sama var talið eiga við um meintar kröfur Sage International Ventures LLC, m.a. um breytt eignarhald sem skilyrði fyrir lánveitingu. Slíkt hafi ekki veitt stjórninni neinar rýmri heimildir til að ganga fram hjá hagsmunum félagsins og hluthafa þess og ekki yrði séð að þær kröfur hafi einar og sér kallað á og/eða réttlætt þá leið að selja svo til einu eign félagsins á miklu undirverði.

Þeirrar reglu var getið að gengið hafi verið út frá því að ákvarðanir stjórnar hlutafélags sem eru viðskiptalegs eðlis leiði ekki til bótaskyldu, einfaldlega af þeirri ástæðu að síðar komi í ljós að þær hafi verið rangar og félagið hafi tapað á þeim. Þá er þó lagt til grundvallar að stjórnandi félags hafi tekið slíkar ákvarðanir í góðri trú og haft hagsmuni félagsins að leiðarljósi. Talið var að slík sjónarmið ættu ekki við í málinu. Dómnum virtist einsýnt að með þeirri ráðstöfun sem málið fjallaði einkum um hafi hagsmunir einstaks eða jafnvel einstakra hluthafa verið teknir með ótilhlýðilegum hætti fram fyrir hagsmuni félagsins og þar með annarra hluthafa. Ef hætta væri á slíkum árekstrum bæri stjórnarmönnum að setja hagsmuni félagsins í öndvegi, en dómurinn taldi að stefndu hefðu í umrætt sinn ekki gert það.

Að virtu einkum framangreindu var því talið að háttsemi stefndu hefði bakað þeim skaðabótaskyldu gagnvart stefnanda, en líkur stæðu til þess að tjón stefnanda væri umtalsvert og hlypi á mörgum milljónum króna hvort sem miðað væri við 2% hlut, hvað þá ef um þriðjungshlut væri að ræða.

Annað dæmi sem stefnandi nefnir til sögunnar og telur til marks um ótilhlýðilegar gjörðir meðhluthafa sinna er sú ákvörðun þeirra að hækka á aðalfundi 24. október 2014 hlutafé í hinu stefnda einkahlutafélagi um 100.000.000 króna. Einnig í þriðja lagi að hafa afnumið á sama fundi forkaupsrétt hluthafa innan félagsins. Höfðaði stefnandi mál vegna þessara tilvika skömmu eftir aðalfundinn. Dómur féll í málinu fyrr í dag þar sem fallist var á kröfur stefnanda. Þannig var talið að þessar ráðstafanir meðhluthafa stefnanda hefðu verið ótilhlýðilegar og til þess fallnar að færa tilteknum hluthöfum hagsmuni á kostnað stefnanda. Þessar ákvarðanir voru því ógiltar.

Stefnandi byggir einnig á því að aðrir hluthafar í félaginu hafi brotið samþykktir félagsins á fundi 14. mars 2014 til að sniðganga réttindi stefnanda. Einnig hafi sömu hluthafar brotið gegn og tekið þátt í brotum gegn 59. gr. laga nr. 138/1994 og 11. gr. samþykktu félagsins með því að boða ekki aðalfundi í félaginu á réttum tíma. Þá hafi þeir brotið gegn 7. gr. samþykktu félagsins með því að hlutast til um að stefnanda væri ekki boðinn forkaupsréttur samkvæmt hinum svokallaða „viðauka“ sem að framan er getið. Jafnframt er að lokum byggt á því að þeir sömu hafi brotið gegn 59. gr. laga nr. 138/1994 og 19. gr. samþykktu félagsins með því að endurskoðandi félagsins hafi átölulaust látið hjá líða að rannsaka reikninga félagsins o.fl.

Dómurinn telur að framangreind framgangna annarra hluthafa í Aztiq Pharma Partners ehf. hafi verið með öllu óásættanleg. Síður verður talið að síðastgreind atriði eigi að leiða til slíta á einkahlutafélaginu eða að fullyrt verði að þar hafi verið ásetningur. Dómurinn telur á hinn bóginn að atvik er varða eignasölu úr félaginu, hækkun hlutafjár og afnám allra ákvæða um forkaupsrétt í samþykktum félagsins hafi verið mjög ámælisverð og skaðað í krafti meirihlutavalds með ótilhlýðilegum hætti hagsmuni stefnanda öðrum hluthöfum til hagsbóta án þess að stefnandi fengi rönd við reist. Ekki getur verið ágreiningur um það að þessi brot voru eðli máls samkvæmt framin af ásetningi. Því verður talið að skilyrðum 1. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög sé fullnægt þannig að skilyrði séu til að fallast á að slíta félaginu.

Stefndu hafa gert þá varakröfu, að dómurinn ákveði að í stað félagslita geti stefndi, Aztiq Pharma Partners ehf., innan frests og fyrir verð sem ákveðið sé í dóminum, leyst til sín 10.000 hluti stefnanda í Aztiq Pharma Partners ehf., sbr. 2. mgr. 81. gr. laga nr. 138/1994. Dómurinn telur að unnt sé undir vissum kringumstæðum að beita vægari úrræðum en slitum ef þeim verður komið við, þrátt fyrir að brot séu alvarleg og skilyrði fyrir slitum fyrir hendi.

Ákvæði 2. mgr. 81. gr. var í fyrstu útgáfu laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, en frumvarp til laganna var lagt fram á 118. löggjafarþingi 1994. Í umfjöllun um þáverandi 106. gr. sagði það eitt í athugasemdum um ákvæðið að það væri sambærilegt 114. gr. laga um hlutafélög. Ákvæði í þessa veru kom inn í hlutafélagalög með lögum nr. 69/1989. Í frumvarpi til þeirra laga segir einungis um ákvæðið, sem varð á endanum 114. gr. hlutafélagalaga, að ákvæðið sem væri nýmæli þarfnaðist ekki skýringar.

Því eru ekki sjáanlegar leiðbeiningar um það á hverju verðmæti fyrirtækis skuli byggt þegar dómur ákveður það undir framangreindum kringumstæðum. Engin gögn sem dómari getur lagt til grundvallar í málinu miðað við ágreining aðila gera að mati dómsins það kleift að ákveða verðmæti félagsins svo hægt sé að beita 2. mgr. 81. gr. en telja verður að slíkt mat verði alla jafnan að miða við verðmæti félagsins á þeim tíma sem dómur er lagður á. Verður ekki betur séð en að í stöðu eins og þeirri sem uppi er í þessu máli þurfi að koma til mjög ákveðin sönnunargögn svo dómari geti fellt á þetta dóm, og er þá einkum horft til mats dómkvadds matsmanns - eða manna. Slíkra sönnunargagna nýtur ekki við í þessu máli og eru því ekki efni til að fallast á varakröfu stefndu.

Matsgerð sem unnið mun að vegna innlausnar Árna Harðarsonar á hlut stefnanda í öðru máli liggur ekki frammi og ekki hefur verið gerð krafa um frestun málsins þar til matsgerð liggur fyrir enda með öllu óvíst hvenær hún muni líta dagsins ljós og ómögulegt að átta sig á því hver niðurstaða hennar verður og hvort hún gæti gagnast við úrlausn á varakröfu stefndu. Stefndu hafa ekki bent á hvaða vægari úrræði önnur gætu tryggt hagsmuni stefnanda.

Þá verður horft til þess við úrlausn á varakröfunni að augljóslega er ágreiningur með aðilum um hvort stefnandi hafi átt 2% í félaginu eða þriðjung hlutafjár sbr. það að krafan miðast við 2% eða 10.000 hluti.

Ekki verður séð af gögnum málsins að starfsemi sé í Aztiq Pharma Partners ehf., a.m.k. virðist hún þá ekki umfangsmikil frekar en síðustu ár. Því verður að telja að þótt slit á hlutafélagi sé mjög viðurhlutamikil aðgerð séu rekstrarhagsmunir ekki slíkir að standi í vegi fyrir slitum, a.m.k. hefur ekki verið sýnt fram á það.

Því er það niðurstaða dómsins að fallast beri á kröfu stefnanda um slit á einkahlutafélaginu Aztiq Pharma Partners.

Í samræmi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, skulu stefndu sameiginlega greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn 800.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Við ákvörðun málskostnaðar er horft til þess að jafnframt er í dag kveðinn upp dómur í öðru máli milli stefnanda og stefnda Aztiq Pharma Partners ehf. sem varða að hluta til sama sakarefni. Þegar greinargerð var lögð fram í málinu 27. janúar 2015 var bókað að ekki væri mætt af hálfu stefnda Magnúsar Jaroslav Magnússonar og að hann myndi ekki láta málið til sína taka enda, sbr. framangreint, hann ekki lengur hluthafi í Aztiq Pharma Partners ehf. Ekki er með hliðsjón af þessu ástæða til að dæma hann til þátttöku í greiðslu málskostnaðar.

Fyrir stefnanda flutti málið Reimar Pétursson hæstaréttarlögmaður og fyrir stefndu Jóhannes Bjarni Björnsson hæstaréttarlögmaður.

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

DÓMSORÐ

Einkahlutafélaginu Aztiq Pharma Partners ehf., kt. 450309-0520, skal slitið.

Stefndu, Aztiq Pharma Partners ehf. og Árni Harðarson, greiði sameiginlega stefnanda, Matthíasi H. Johannessen, samtals 800.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson (sign.)

